



FUNDARGERÐ 444. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 26. febrúar 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:02. Fundurinn er staðfundur á skrifstofum SORPU að Gylfaflöt 5 og fjárfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestir: Lárus Finnbogason frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og Theodór S. Sigurbergsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton sitja fundinn undir lið 1.

Ágúst Bjarni Garðarsson vikur af fundi klukkan 15:10 eftir umræður um lið 6.

Tekið fyrir

1. Afgreiðsla ársreiknings 2020

Theodór S. Sigurbergsson gerir grein fyrir ársreikningi SORPU fyrir árið 2020. Lárus Finnbogason gerir grein fyrir umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um ársreikning SORPU. Endurskoðunarskýrsla er lögð fram til kynningar.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

Stjórn SORPU samþykkir ársreikninginn og þakkar starfsfólki fyrir að hafa með elju og vinnusemi lagt hart að sér að ná þessari niðurstöðu. Enginn vafi leikur á rekstrarhæfi SORPU og áfram verður haldið vel utan um rekstur byggingarsamlagsins SORPU.

2. Janúaruppgjör 2021

Guðrún Eva Jóhannesdóttir gerir grein fyrir uppgjöri janúarmánaðar.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra – staða og horfur í rekstri

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

4. Minnisblað – Útflutningur á brennanlegum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um útflutning á brennanlegum úrgangi.

5. Minnisblað – Ný pökkunarvél

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um kaup á pökkunarvél til að pakka inn böggum. Kaup á pökkunarvél rúmast innan fjárfestingaráætlunar 2021.

6. Gjaldskrármál umræða

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu gjaldskrármála.

Stjórn SORPU bókar:



Stjórn SORPU, framkvæmdastjórn og ráðgjafar hafa í endurskipulagningu félagsins farið í saumana á öllum gjaldskráum svo þær séu í samræmi við þær skyldur sem hvíla á SORPU á grundvelli laga um meðferð úrgangs. Stjórn telur að gjaldskrána skuli reglulega endurskoða til að tryggja að þær séu í samræmi við lög.

7. Umsögn SORPU um drög umhverfisráðherra að stefnu á meðhöndlun úrgangs 2021-2032 (mál 6/2021)

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir umsögn SORPU um stefnu um meðhöndlun úrgangs.

8. Staðan á samstarfi við Ými Technologies

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á samstarfi við Ými Technologies.

9. Staðan í dómsmálum á hendur félaginu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á dómsmáli ÍAV á hendur SORPU. Formaður stjórnar gerir grein fyrir stöðu dómsmáls Björns H. Halldórssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra, á hendur SORPU. Aðalmeðferð í máli Björns er ákveðin 30. september 2021.

10. Önnur mál

Fyrirspurn Theodóru S. Þorsteinsdóttur, bæjarfulltrúa í Kópavogi, um fyrirkomulag rekstrar Endurvinnslustöðva borin upp. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um málið og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

11. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður samkvæmt starfsáætlun stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:41